

Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Sigurður, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn

Forföll boðuðu Edda Kamilla, Guðrún.

1. Fundur settur kl. 20:30
2. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt með áorðnum breytingum
3. Innsend bréf.
  - a. Bréf dagsett 16. okt. frá gjaldkera ÍSÍ. Skýrsla vegna úttektar á bókhaldi UMSE. Þar kemur fram að ekki er æskilegt að prókúrhafi sambandsins færi einnig bókhald þess. Ákveðið í framhaldi af þessu að Einar gjaldkeri taki að sér að greiða reikninga sambandsins en Þorsteinn sér um að færa bókhaldið.
  - b. Bréf dagsett 21. okt. frá Dalvíkurbyggð. Bókun 712. fundar Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar tillaga um að flytja skrifstofu sambandsins til Dalvíkur lagt fram til kynningar.
  - c. Bréf dagsett 4. nóv. frá Hestamannafélaginu Funa, þar sem óskað er eftir niðurgreiðslu á kosnaði vegna þings LH. Samþykkt að greiða kostnað vegna tveggja fulltrúa kr 41.480
  - d. Bréf dagsett 6. nóv. frá ÍSÍ boð á óformlegan fund íþróttahéraða 14. nóv. Lagt fyrir fundin Bjarnveig upplýsti að um fjarfund væri að ræða. Í framhaldi af þeim fundi fer fram formannafundur ÍSÍ, Bjarnveig mun sitja þann fund fyrir hönd UMSE.
4. Styrkumsóknir UMSE
  - a. UMSE sótti um styrk til Íþróttasjóðs ÍSÍ vegna vinnu við stefnumótun sambandsins. Svar hefur ekki borist frá Íþróttasjóði
  - b. UMSE sótti um styrk í Landsmótssjóð UMSE 2009 vegna stefnumótunarvinnu. Úthlutað var kr: 30.000.- til UMSE.
  - c. Framkvæmdastjóri sambandsins sótti um styrk til Landsmótssjóðs vegna Ráðstefnu um þjónandi forystu sem haldin var á Bifröst og hann tók þátt í. Sjóðsstjórn hafnaði umsókn framkvæmdastjórans um styrk.
  - d. UMSE sótti um styrk til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, vegna þátttöku framkvæmdastjóra á Ráðstefnu um þjónandi forystu. Úthlutað var kr: 30.000.- til UMSE.
  - e. UMSE sótti um styrk til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, vegna stefnumótunarfundar. Úthlutað var kr: 50.000.- til UMSE.
5. Stefnumótunarfundur
  - a. Fulltrúar mættu frá stjórn, Umf. Æskunni, Umf. Samherjum, Hestamannafélaginu Funa, Umf. Smáranum, Umf. Reyni, Umf. Þorsteini Svörfuði, Blakfélaginu Rimum og stjórn UMSE, 20 samtals.
  - b. Umf. Smárinn sá um veitingar á fundinum.
  - c. Niðurstöður frá Símei eru væntanlegar á næstu dögum.

6. Jólahlaðborð ákveðið þann 13. des á Dalvík. Framkvæmdarstjórinn mun senda rafpóst á stjórnarmenn til frekari upplýsinga
7. Kaup á tölvubúnaði fyrir skrifstofu. Þorsteinn kynnti tilboð sem sambandinu hefur borist vegna tölvukaupa, annars vegar frá Advania og hins vegar frá Nýherja. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ganga frá kaupum á öflugri tölvu og hugbúnaði fyrir sambandið, samkvæmt þeim afsláttarkjörum sem boðin hafa verið.
8. Uppfærsla á heimasíðu UMSE. Þorsteinn sýndi hugmyndir að nýrri heimasíðu. Fundarmenn sammála um að lagfæra mætti síðuna, gera hana bæði léttari útlit og aðgengilegri, Þorsteini falið að klára að uppfæra síðuna til betri vegar.
9. Önnur mál.
  - a. Þorgerður kom með fyrirspurn vegna iðkanda sem æfir utan félaga hvort viðkomandi ætti rétt á styrk frá UMSE. Þorsteinn benti á að sækja ætti um styrk formlega í sjóði UMSE.
  - b. Sigurður sagði frá æfingabúðum í borðtennis sem eru fyrirhugaðar á næstu dögum á vegum borðtennisnefndar UMSE, nánar til tekið 28.-30. nóvember. Til stendur að kynna íþróttina í skólum á svæðinu á föstudeginum og bjóða svo upp á æfingabúðir laugardag og sunnudag á Hrafnagili
  - c. Þorsteinn kynnti tillögu frá formanni UFA hvað varðar samning við UMSE um sameiginlegar frjálsíþróttæfingar. Samþykkt að Þorsteinn ræði við forsvarsmenn UFA um frekari útfærslu á samningnum fyrir næsta stjórnarfund.
10. Næsti fundur ákveðinn 8 desember. Stefnt á að funda með Umf. Smáranum og Umf Æskunnar. Bjarnveig kemur með veitingar
11. Fundarmenn minntir á að kynna sér umsóknir sem berast vegna úthlutunar úr afreksmannasjóði UMSE, umsóknarfrestur er til 1. desember og úthluta þarf úr sjóðnum í síðasta lagi 15. desember.
12. Fundi slitið kl 21:55

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---